

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 29. ágúst kl. 10:20 var haldinn 91. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson og Eydís Aðalbjörnsdóttir. Ennfremur sat fundinn forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík dags. 25. þ.m. um kjör fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til júní 2009.

Aðalmenn:

Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.

Varamenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Jórunn Frímannsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Dagur B. Eggertsson, Dofri Hermannsson.

Formaður var kjörinn Guðlaugur G. Sverrisson.

Varaformaður var kjörinn Kjartan Magnússon.

2. Lagður fram árshlutareikningur samstæðu 1. janúar til 30. júní 2008. Framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir reikningnum og lagði fram samandregið töfluyfirlit árshlutauppgjorsins og ársfjórðungsyfirlit Aska Capital um þróun erlendra lána og gengishreyfingar frá áramótum.

Árshlutareikningurinn samþykktur.

3. Lagður fram kjarasamningur Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands, gildistími 1. apríl 2008 – 31. desember 2010.

Samþykkt.

4. Lagt til að Jakob Hrafnsson taki sæti Ástu Þorleifsdóttur í Stjórn útivistarsvæða og að Sóley Tómasdóttir taki sæti Þorleifs Gunnlaugssonar. Jafnframt lagt til að Jórunn Frímannsdóttur verði formaður stjórnarinnar.

Samþykkt.

5. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála dagsett í dag þar sem óskað er heimildar til að bjóða út eftirfarandi tryggingar Orkuveitu Reykjavíkur miðað við þær forsendur sem í erindinu getur:

- Brunatryggingu fasteigna
- Bifreiðatryggingar
- Starfsmannatryggingar
- Frjálsa ábyrgðartyggingu
- Eignatryggingu á lausafé að undanskildu lausafé í virkjunum – bruni, vatn og innbrot.

Samþykkt.

6. Lagt fram að nýju erindi Farice frá 12. júní s.l. varðandi handveð í hlutabréfum vegna lántöku.

Stjórn samþykkir að fela formanni að ganga til samninga í samræmi við áherslur fundarins.

7. Lagt fram bréf forstjóra dags. 27. ágúst s.l. varðandi tilhögun stefnumótunarvinnu Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. samþykkt stjórnar frá 15. febrúar s.l.

Frestað.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að Gunnar Sigurðsson, Svandís Svavarsdóttir og Inga Dóra Hrólfsdóttir skipi nefnd um úthlutun námsstyrkja Orkuveitu Reykjavíkur til kvenna í iðn- og tækninámi árið 2008.

Tillögunni fylgir greinagerð.

Samþykkt.

9. Önnur mál.

- a) Eignarhlutur OR í Hitaveitu Suðurnesja.  
Umræður.

- b) Málefni REI.  
Umræður.

- c) Lögð fram fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur og Sigrúnar Elsu Smáradóttur varðandi niðurstöður vinnustaðakannanna.

- d) Lögð fram fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur og Sigrúnar Elsu Smáradóttur varðandi veiðiferðir í Miðfjarðará.

- e) Málefni HAB.  
Umræður.

Forstjóri vék af fundi.

- f) Lista yfir umsækjendur um starf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur dreift til stjórnarmanna.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 12:30**

Guðlaugur G. Sverrisson,  
Björn Bjarki Þorsteinsson, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon,  
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.